



Framvinduskýrsla 4

26.11.2013

Skýrsla skrifuð af Steingerði Hreinsdóttir –fyrir tímabilið september – desember 2013

EGN – í byrjun september 2013 var haldinn fundur á vegum European Geoparks Network sem við Sigurður sóttum. Þetta var viku verkefni – fundir þar sem m.a var tekin fyrir umsókn Reykjanes Geopark inn í samtökin – en henni var hafnað í þetta sinn en jarðvangurinn á Reykjanesi fékk lista yfir það sem betur má fara til þess að geta sótt aftur á næsta ári.

Það tók KPMG lengri tíma en við áætluðum að fara yfir IPA fjármálin – enda eru miklar reglur að fara yfir og formið áður óþekkt innan íslenskra endurskoðanaskrifstofa. Það var ekki fyrr en um miðjan nóvember að ósk um frekari greiðslu fór frá okkur til IPA. Síðan þá höfum við verið að svara ábendingum og senda frekari gögn.

Eins og fram kom á síðasta fundi hafði orðið vart örlítilla skjálftahrinu í IPA styrkjabeltinu við nýja stjórn og ríkisstjórnin ákvað að hætta viðræðum um inngöngu í EU. Íslenska IPA nefndin gekk mála jarðvagnsins í Brussel í lok ágúst og svo aftur í lok september – og síðan höfum við ekkert heyrt.

Þannig höfum við frá því í ágúst sl verið unnið að því hörðum höndum að réttlæta þennan EU styrk til okkar . Við höfum í tvígang fengið sendar spurningar um verkefnið til þess að svara og senda frá okkur til réttlætningar á styrknum. Í sjálfu sér sér ekki fyrir endann á því þó að væntanlega eigi EU erfitt með að slíta samningnum eins og hann er á milli EU og Háskólafélags Suðurlands án beinnar aðkomu ríkisins.

Unnið var í 15 stöðum í sumar sem eru meira og minna tilbúnir. Ennþá á eftir að setja upp einhver skilti en skiltin sjálf eru tilbúin. Salernisaðstaðan við Fjaðrárgljúfur hefur hlotið verðskuldaða athygli – enda er þar um fallega hönnun að ræða og skemmtilega útfærslu á salerni í fallegu umhverfi.

Elma Balic eftirlitsaðili kom 30. september og var hjá okkur til 2. október og fór heimsókn hennar fram á hefðbundinn hátt. Hún fór yfir staði sem unnið hefur verið í - skoðaði efni sem hefur verið unnið og talaði við aðila sem tengjast jarðvanginum. Hún var áfram mjög ánægð með það sem hún sá og skýrslan frá henni var mjög jákvæð.

Í október og nóvember var boðið upp á fundi með ferðapjónustunni þar sem hugmyndin var að kynna það sem unnið hefur verið í sumar og sl. vetur ásamt því að kynna námskeiðsröðina sem fór af stað í ágúst. Því miður var þátttakan mjög dræm þannig að varla má segja að um marktæka fundi hafi verið að ræða.

Síðustu þrjá mánuði hefur verið unnið markvisst að því að bjóða upp á námskeið sem hafa yfirleitt mælst mjög vel fyrir. Má þar m.a nefna staðarleiðsögn sem kláraðist 16. nóvember með úrskrift 34 einstaklinga. Önnur námskeið haustsins eru m.a nytjaplöntur í jarðvanginum, öryggi í óbyggðum, norðurljós og veðurfræði. Á aðventunni verða svo keyrð styttri námskeið sem tengjast m.a hefðum í kringum jólin og þjóðháttufræði.

Umsóknir:

Fyrir 6. nóvember var búið að gera 4 umsóknir. Í fyrsta lagi í Framkvæmdasjóð ferðamanna – þar sem sótt var um uppbyggingu á 9 geosites í jarðvanginum, í Ísland allt árið var sótt um fjármagn til að halda dampi í jarðvanginum eftir IPA. Til SASS var annarsvegar sótt um Vöruþróun á minjagripalínu þar sem samstarfsaðilar eru SS, með kjötlínu, Klausturbleikja með bleikjuharðfisk og Víkurþrjón með sérþrjónaðar vörur með lógói og litum jarðvangsins. Hin umsóknin til SASS var til þess að þróa frekar fræðslupakka fyrir skólahópa og geta boðið uppá kynningar á þeim á nýjum markaði.

Í sveitarfélögunum þremur var þess fyrir utan sótt um styrk í ýmis verkefni sem Katla Geopark tekur þátt í.

Jarðvangurinn er þátttakandi í verkefni sem er styrkt af NPP og tengist því að þróa milli jarðvanga bókunarkerfi. Þetta er áhugavert verkefni sem kannski er ekkert endilega víst að gangi upp sem slíkt – en það er þó klárt að með því að fara í gegnum slíkt verkefni með öðrum jarðvöngum kemst maður sífellt nær því að finna hina fullkomnu rekstrareiningu. Í nóvember var fundur verkefnisins sem átti að halda í Jarðvanginum haldið í Reykjavík vegna óveðurs – það var tveggja daga fundur með þátttakendum frá 6 löndum.

Við höfum haldið áfram að greina og máta viðskiptahugmyndir, sjá hvernig reksturinn geti sem best orðið sjálfbær. Innan Styrks IPA eru peningar til þess að útbúa vef bókunarkerfi sem skapar tekjur fyrir jarðvanginn ásamt því að vera á sama tíma öflugt markaðstæki fyrir fyrirtækin á svæðinu. Grunnurinn að slíku kerfi verður tilbúinn í byrjun desember og á svo að vera kominn í loftið í lok janúar.

Í síðustu skýrslu sá ég okkur það vænast að sveitafélögin myndu fela jarðvanginum að reka upplýsingamiðstöðvarnar en síðan þá hefur Friður og frumkraftar opnað upplýsingamiðstöðina á Klaustri og VP vill líka fá að reka hana. Það verðu fundum með þessum aðilum væntanlega í þessari viku þannig að við getum séð hvernig þetta má best virka saman. Það er ekkert kappsmál fyrir jarðvanginn að reka upplýsingamiðstöðvar sem slíkar en það er verið að þróa leið til þess að lækka kostnað við það að halda úti upplýsingamiðstöðvum allt árið og ætti því að koma öllu samfélaginu til góða – hver svo sem kemur til með að reka þær og það gæti bara komið vel út að sem flestir komi að því.

Eins og dæmin sýna þá eykst sala minjagripa í upplýsingamiðstöðvum ár frá ári. Þróun námsefnis gerir það að verkum að til eru pakkar sem nýtist til að selja skólahópum og fólki í fræðsluþörf. Einnig má útfæra pakkaferðir enn betur – hvort heldur sem er fyrir sumar eða vetur ferðamennsku og selja í gegnum þessa söluleið. Gönguleiðakortin og túristabæklingur sem verið er að vinna munu vera enn einn liður í tekjuöflun jarðvangsins og í vinnu með framleiðendum á svæðinu verða til ýmsar vörur til að selja innanupplýsingamiðstöðvanna/gestastofa.

Við höfum haldið áfram að ræða og kanna rekstur ólíkra eininga svo sem eins og Klasanna í jarðvanginum, upplýsingamiðstöðvanna og Markaðsstofu Suðurlands. Það er ljóst að allar þessar stofnanir eru að leita eftir því að kynna svæðið og koma því á framfæri. Það væri án efa best ef hægt væri að samþætta þennan rekstur á einhvern hátt það mætti alveg byrja á því t.d með því að stjórnir MSS og Jarðvangsins myndu ræða saman um hugsanlega samleið og þróa saman leið til þess að það geti virkað. Ferðaþjónustuaðilar vilja eins og allir aðrir í rekstri reyna að hámarka nýtingu sinna

fjármuna og margir hafa lýst áhyggjum sínum yfir því að vera að greiða ársgjald í fleiri en eina stofnun.

Námskeið á vegum Kötlunarjarðvangs á vorönn 2014

Menningarlæsi í ferðaþjónustu – 3 stundir

Menningarlæsi nýtur vaxandi vinsælda og mikilvægis í alþjóðlegum samskiptum. Þrátt fyrir að öll umgjörð þeirra samskipta verði sífellt auðveldari og aðgengilegri, er menningarlegur mismunur milli landa og heimshluta engu að síður enn til staðar.

Á þessu námskeiði verður rætt um ólíka menningarheima, fjallað um spurninguna hvað er menning og hvernig birtist hún okkur. Megin áhersla námskeiðsins er hins vegar á menningarlæsi, þ.e.; hvernig stöndum við okkur sem einstaklingar erlendis? Hvað má gera og hvað má ekki gera eða segja? Hverjar eru helstu gildrurnar sem einstaklingar og fyrirtæki falla í? Hvernig getum við öðlast meiri skilning á mótaðilanum, skilið hans menningu og aukið þannig líkurnar á okkar árangri og skemmtilegri samskiptum?

- **Tími:** Þriðjudagur 21. janúar kl. 20.00 - 22.30
- **Staður:** Selfoss og fjarfundarþúnaður á Hvolsvelli, Vík og Kirkjubæjarklaustri
- **Leiðbeinandi:** Þorgeir Pálsson

Vaxtarsprotar í Kötlunarjarðvangi – 36 stundir + 3 kynningarfundir í byrjun janúar

Námskeiðslýsing

- **Tími:** 20. janúar – lok mars
- **Staður:** Tölvufundir og staðnám
- **Leiðbeinandi:** Sigurður Steingrímsson

Öskulagagreining – 12 stundir

Bergrún Arna Óladóttir jarðfræðingur og nýdóktor við Norrænu eldfjallastöðina, Jarðvísindastofnun, Háskóla Íslands, heldur námskeið um gjósku í Kötlunarjarðvangi. Nokkrar helstu eldstöðvar landsins eru innan marka jarðvangsins og enn fleiri liggja skammt undan. Svæðið hefur ítrekað orðið fyrir gjóskufalli og mikill fjöldi gjóskulaga finnst í jarðvegi. Á námskeiðinu verður farið yfir hver helstu gjóskulögin eru, uppruna þeirra, hvar þau finnast og hvernig má bera kennsl á þau. Eins verður rætt um hvaða upplýsingar gjóska getur veitt m.t.t. gossögu og goshegðunar. Farin verður dagsferð í lok maí/byrjun júní 2014 þar sem gjóskusnið verða skoðuð (staðsetning og tími auglýst síðar).

- **Tími:** Fimmtudagur 20. Febrúar kl. 20.00 – 22.30 og ferð í lok maí/byrjun júní
- **Staður:** Kirkjubæjarklaustur og fjarfundarþúnaður á Hvolsvelli, Vík og Selfossi
- **Leiðbeinandi:** Bergrún Arna Óladóttir

Námskeið í úrvinnslu kjötafurða í jarðvangi

Febrúar-mars

Nýsköpun í Vestur-Skaftafellssýslu í upphafi 20. aldar – 6 stundir

- **Tími:** Laugardagur 22. febrúar kl. 13.00 – 18.00 ??
- **Staður:** Geirland við Kirkjubæjarklaustur (staðnám)
- **Leiðbeinandi:** Þórólfur Árnason

Staðarleiðsögn í jarðvangi II – 36 stundir

Sameiginlegt leiðsögunámskeið Kötlu jarðvangs, Háskólafélags Suðurlands og Fræðslunetsins og framhald af Staðarleiðsögn í jarðvangi I sem haldið var haustið 2013 og 2011. Haldnir verða fyrirlestrar eitt kvöld í viku kl 20-22.30 á Selfossi sem sendir verða með fjarfundarbúnaði til Hvolsvallar, Víkur og Kirkjubæjarklausturs. Fyrirlestrarnir fjalla með einum eða öðrum hætti um jarðfræði, náttúrufræði, ferðamennsku, sögu og mannlíf svæðisins og gert er ráð fyrir að þátttakendur hafi lokið Staðarleiðsögn í jarðvangi I eða sambærilegu námi.

Námskeiðið er alls 36 kennslustundir. Námskeiðið er niðurgreitt af IPA styrk Háskólafélagsins og með stuðningi frá Nordplus, norrænu menntaáætluninni, og er námskeiðsgjaldið því aðeins 10.000 kr.

- **Tími:** febrúar - apríl
- **Staður:** Selfoss, Hvolsvöllur, Vík og Kirkjubæjarklaustur (fjarfundarbúnaður og staðnám)
- **Leiðbeinandi:** Ýmsir

Njála og landnám – 7 stundir?

- **Tími:** sunnudagur 27. Apríl kl 11.00 -17.00?
- **Staður:** Hvolsvöllur og Fljótshlíð
- **Leiðbeinandi:** Sigurður Hróarsson

Fuglar og fuglaskoðun – 10 stundir

- **Tími:** Þriðjudaginn 29. apríl kl 20.00-22.30 og laugardaginn 3. maí kl. 10.00 -16.00 ?
- **Staður:** Selfoss, Hvolsvöllur, Vík og Kirkjubæjarklaustur (fjarfundarbúnaður) og Mýrdalur (staðnám)
- **Leiðbeinandi:** Jóhann Óli Hilmarsson

Klifurnámskeið fyrir börn og unglinga – 12 stundir

- **Tími:** 7. og 8. júní kl. 10.00 – 15.00
- **Staður:** Hvolsvöllur
- **Leiðbeinandi:** Guðmundur F. Markússon og Rannveig Ólafsdóttir

Kynning fyrir starfsmenn ferðaþjónustuaðila – 36 stundir